

**Ed.**

**317. Breytingartillögur**

[136. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist:

Í reglunum skal ákveðið, að þau frystihús, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu og sérstaka þörf fyrir stuðning til endurbóta og framleiðniaukningar, njóti hlutfallslega hærri styrks en hin, sem betri aðstöðu hafa.

2. Við 4. gr. Við greinina bætist:

Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.